



	Reykjanesbær ABG
Mótt	09.05.2019
Lykill	00.06
Málsnr.	2019050318
Ábm.	ABE

Reykjavík 08. maí 2018

Hera Ósk Einarsdóttir
Sviðstjóri Velferðarsviðs
Tjarngata 12
230 Reykjanesbær

Varðar: Styrkumsókn.

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Meginmarkmið klúbbsins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbsins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999 og verðum við 20 ára í september á þessu ári. Í dag eru félagar 416 talsins. Árið 2018 mættu að meðaltali 21 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbsins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. 285 félagar nýttu sér þjónustu Klúbbsins Geysis árið 2018.

Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingauðræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2018 voru 25% félaga í vinnu og 12% námiaf þeim félögum sem spurðir voru í símakönnun 2018. Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild.


Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengnir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun á gæði starfseminnar í janúar árið 2017, sem gildir til 31. janúar 2020.

Klúbburinn Geysir byggir á hugmyndafræði Fountain House, sem eru alþjóðasamtök með starfsemi í 30 þjóðlöndum, í um og yfir 300 klúbbhúsum, með hátt í 60.000 félögum. Klúbburinn starfar samkvæmt Stöðlum Clubhouse International.

Þau úrræði sem Klúbburinn Geysir býður upp á eru hagkvæm og leiða til umtalsverðs sparnaðar í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem og hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Í klúbbnum fá félagar hvatningu, stuðning og mikilsverða vinnuþjálfun til að ná sér á strik eftir veikindi og endurheimta þá reisn sem fylgir því að geta séð fyrir sér sjálfur að miklu eða öllu leyti. Í mörgum tilvikum geta klúbbfélagar hætt að þiggja aðstoð frá ríki og/eða sveitarfélögum. Einnig öðlast einstaklingurinn aukin lífsgæði sem ekki er hægt að meta til fjár.

Til að styðja við starfsemi Klúbbsins Geysis á árinu 2019, sækjum við hér með um styrk frá Reykjanesbæ að upphæð 500.000.

Virðingarfyllst,


Þórunn Ósk Sölvadóttir
Framkvæmdarstjóri Klúbbsins Geysis


Mikael Hreiðarsson
Félagi

Meðfylgjandi:

1. Litli-Hver – fréttabréf Klúbbsins Geysis
2. Klúbburinn Geysir – Með þér út í lífið – upplýsingabæklingur um Klúbbinn Geysi
3. Árssreiknigur 2018